

UMSAGNIR OG VIÐBRÖGÐ VIÐ UMHVERFISMATSSKÝRSLU ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR Í LANDMANNALAUGUM

Verknúmer	SA1902	Dagsetning	17.05.2023
Höfundar	ÓÖG, MÓ, ÁT	Nr.	1
Rýnt af		Dreifing	Skipulagsstofnun

Umsagnir hagsmunaaðila og viðbrögð Rangárpings ytra

Kafli			
Nr. svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
1.	Fiskistofa 17. mars 2023	<p>Fiskistofa bendir á að það sé þekkt að fiskar finnast í lækjum við Landmannalaugar en engin veiði er stunduð þar og varða fyrirhugaðar framkvæmdir ekki veiðihagsmuni. Ekki er fjallað um veiði eða áhrif á fiska í fram lagðri umhverfismatsskýrslu.</p> <p>Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 m frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.</p>	<p>Ekki var talin ástæða til að meta áhrif á fiska eða áhrif á veiðihagsmuni í umhverfismatsskýrslu þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir varða ekki veiðihagsmuni og fiskgegnd afar lítil.</p> <p>Aflað verður leyfis hjá Fiskistofu við allar framkvæmdir þar sem ákvæði 33. gr. á við.</p>
2.	Umhverfisstofnun 4. apríl 2023	<p>Um langt skeið hefur ástand lands og innviða í Landmannalaugum verið mjög slæmt eins og úttektir Umhverfisstofnunar hafa sýnt. Því er það jákvætt að ráðist verði í löngu tímabærar endurbætur á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar kemur óbreytt ástand í Landmannalaugum ekki til greina. Í greinargerð er</p>	<p>Umsögn kallar ekki á sérstök viðbrögð af hálfu framkvæmdaraðila.</p>



		<p>fjallað um þrjá valkosti og eru þeir allir til bóta. Væntanlega munu fjárveitingar ráða verktíma, áfangaskiptingu og endanlegum útfærslum en allar tillögurnar eru til bóta. Umfjöllun í matsskýrslunni er ítarleg og góð. En gjarnan hefði mátt setja fram skýrari hugmyndir um stýringu á fjölda ferðamanna til að draga úr álagi á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að úrbætur á innviðum í Landmannalaugum muni einungis hafa jákvæð áhrif í för með sér og gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við matsskýrsluna.</p>	
3.	Minjastofnun 3. maí 2023	<p>Í kafla 4.2.4 er fjallað um rafmagn. Þar segir að a.m.k. þrjár leiðir komi til greina til að tengja Landmannalaugasvæðið við lagnakerfi RARIK. Lagnaleiðirnar sem mögulegt er að fara eru frá 12 km og upp í 30 km. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að skoða þurfi lagnaleiðirnar mun betur áður en valið er á milli þeirra. Minjastofnun minnir á að hafa þarf samráð við Minjastofnun um val á lagnaleið fyrir rafmagn. Stofnunin ákveður hvort þörf verður á að skrá fornleifar á fyrirhugaðri lagnaleið áður en framkvæmdir við lagningu strengs geta hafist.</p> <p>Minjastofnun Íslands vekur athygli á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: <i>Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Í 30. gr. sömu laga segir að eigendum húsa og mannvirkja sem byggð voru 1940 eða fyrr sé skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.</i></p>	<p>Haft verður samráð við Minjastofnun þegar kemur að gerð lagnaleiðar.</p> <p>Ábending sem þarfnast ekki viðbragða.</p>

4.	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 4. maí 2023	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreint mat á umhverfisáhrifum fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir við matið sem slíkt. Embættið telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið skal taka til. Embættið áskilur sér hinsvegar rétt til að koma fram með ábendingar og athugasemdir á síðari stigum við meðferð málsins ef tilefni er til. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir gististöðum, þ.m.t. tjaldsvæðum, veitingastöðum og vatnsveitum starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Jafnframt veitir embættið baðstöðum í náttúrunni starfsleyfi skv. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni með síðari breytingum. Einnig veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, landmótun og verktakaaðstöðu skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.	Umsögn kallar ekki á sérstök viðbrögð af hálfu framkvæmdaraðila.
5.	Náttúrufræðistofnun Íslands 4. maí 2023	Til að byrja með vill Náttúrufræðistofnun undirstrika að fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan Friðlands að Fjallabaki þar sem megin einkenni svæðisins eru fjölbreytt landslag og landslagsheildir, mikill breytileiki jarðminja og jarðhitafyrirbæra, sérstakt og viðkvæmt lífríki, víðerni, kyrrð og litadýrð. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda þessar sérstæðu jarðminjar, landslag, lífríki og ósnortin víðerni svæðisins (Umhverfisstofnun https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/fridland-ad-fjallabaki/).	

		<p>Þá kemur skýrt fram í 38. gr. 4. mgr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013) um friðlýsingu: “Hvers konar athafnir eða framkvæmdir sem ganga gegn markmiði friðlýsingar og geta skaðað verndargildi friðlýstra náttúruminja eru óheimilar nema samkvæmt undanþágu, sbr. 41. gr.”</p> <p>Friðland að Fjallabaki (Torfajökull) er auk þess á yfirlitsskrá heimsminja UNESCO ásamt fimm öðrum svæðum (https://heimsmingar.is). Til þess að svæði komist á yfirlitsskrá þarf ríkisstjórn Íslands að samþykkja tillögur um möguleg heimsminjasvæði landsins og tilkynna þarf formlega um svæðin til UNESCO. Einungis svæði á yfirlitsskrá hafa möguleika á að vera tilnefnd sem heimsminjasvæði. Vegna þessa eru svæðin sex á yfirlitsskrá Íslands mjög mikilvæg, þau eru á ábyrgð stjórnvalda samkvæmt samningi við UNESCO og tryggja þarf sérstaklega verndun þeirra.</p> <p>Í auglýsingu um Friðland að Fjallabaki (nr. 354/1979) kemur fram í 5. lið um gildandi reglur um friðlandið að mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask í friðlandinu er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Þrátt fyrir ábendingar Náttúrufræðistofnunar um þetta í matsáætlun hefur það ekki skilað sér í umhverfismatsskýrslu.</p> <p>Í stjórnunar- og verndaráætlun Friðlands að Fjallabaki í kafla 3 um Markmið, stefnu og leiðir (bls. 30) stendur: „Öll uppbygging innan friðlandsins skal styðja við friðlýsingu þess og gæta skal þess að framkvæmdir rýri ekki verndargildi svæðisins. [...]. Ekki er gert ráð fyrir að þjónustu[stu]svæðum innan friðlandsins verði fjölgað heldur verði staðið vel að viðhaldi og uppbyggingu þeirra sem fyrir eru.“</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að Friðland að Fjallabaki er á yfirlitsskrá heimsminja UNESCO. Ekki er ljóst hvar sú vinna stendur.</p> <p>Þar sem um friðlands er að ræða þá er Umhverfisstofnun ávallt leyfisveitandi en Umhverfismatsskýrslan er unnin í nánu samráði við Umhverfisstofnun. Bætt verður við í kafla 1.5. umfjöllun um leyfi innan friðlands að Fjallabaki.</p> <p>Fyrirhuguð uppbygging sem byggir á deiliskipulagi fyrir Landmannalaugar er unnin í samráði við Umhverfisstofnun sem telur að úrbætur á innviðum í Landmannalaugum muni einungis hafa jákvæð áhrif í för með sér sbr. umsögn við umhverfismatsskýrslu.</p> <p>Í allri vinnu við skipulag í Landmannalaugum og í umhverfismati hefur verið horft til þess að svæðið er friðlýst og að</p>
--	--	---	---



		<p>Náttúrufræðistofnun telur að ekki sé hægt að horfa fram hjá þessum atriðum þegar fjallað er um fyrirhugað framkvæmdasvæði með tveimur nýjum þjónustusvæðum, við Námskvísl og Námshraun, sem eru í dag nær óröskuð svæði innan friðlandsins.</p> <p>Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.</p> <p>Efnistaka. Gert er ráð fyrir að efnispörf sé um 20.000 m³ þar sem helmingur er stórgrýti í varnargarða sem sótt verður í námu við Sigöldu. Lausu efni er ráðgert að moka upp úr líparít áreyrunum þrátt fyrir að bent hafi verið á hátt verndargildi þeirra. Efnistaka innan friðlandsins er óásættanleg þar sem gengið er á friðlýstar náttúruinjar og er ekki í samræmi við náttúruverndarlög. Í námuskra Vegagerðarinnar (http://namur.vegagerdin.is/) eru sýndar þrjár fullfrágengnar námur í nálægð Landmannalauga. Innan Friðlands að Fjallabaki er ekki samræmi á milli námuskra Vegagerðarinnar og náma sem tilgreindar eru í Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028.</p>	<p>Torfajökulssvæðið sé á yfirlitsskrá Heimsminjaskrár. Lagt er upp með að færa mannvirki eins og kostur er frá svæðum með fágætan og sérstakan gróður. Formgerð mannvirkja og efnisval eiga að falla að náttúrulegu umhverfi og lúta lögmálum sjálfbærni sem frekast er kostur og það á að vera auðvelt að fjarlægja þau án þess að þau skilji eftir sig ummerki. Byggingar skulu vera staðsettar þannig innan svæðisins að þær trufli útsýni sem minnst en myndi skjól fyrir veðri og vindum. En helstu áhersluatriði mannvirkja á svæðinu eiga að vera látleysi, sveigjanleiki og umhverfisvernd. Ein af ástæðum þess að valið var að færa þjónustu og bílastæðum frá Laugasvæðinu og að Námskvísl var að svæðið við Námskvísl er þegar mikið raskað og rennur áin nú þegar í manngerðum farvegi og þar við eru bílastæði sem eru mynduð með varnargarði við Jökulgilskvíslina.</p> <p>Um er að ræða efni 20.000 m³ af efni sem talið er að endurnýist tiltölulega hratt með framburði Námskvíslar og með því að nota efni af staðnum er horft til þess að ekki þurfi að flytja efni yfir langa leið og einnig er horft til þess að efnisnotkun sé í samræmi við þá litasamsetningu sem fyrir er á svæðinu og framkvæmdir falli þannig betur að umhverfi sínu.</p>
--	--	---	--

		<p>Vatnstaka. Metin er vatnspörf nýbygginga en ekki er fjallað um áhrif aukinnar vatnstöku t.d. á grunnvatnsstöðu eða þolmörk nýtingar á jarðhitavatni. Breyting á grunnvatnsstöðu getur haft ófyrirséðar afleiðingar á votlendi og náttúrulega við Laugahraun. Heitar lindir eru ekki óþrjótandi auðlind.</p> <p>Gróður. Ekki er gerð úttekt á vaxtarstöðum sjaldgæfra plantna í votlendinu þar sem fyrirhugaðir „fljótandi“ göngupallar verða staðsettir.</p> <p>Ásýnd. Tvö ný þjónustusvæði við Námskvísl og Námshraun mun sannarlega hafa áhrif á landslag og ásýnd svæðisins. Bílastæði eru stór og fyrirferðarmikil, nýir umfangsmiklir varnargarðar og byggingar staðsettar upp við hraunjaðar Námshrauns. Manngerð ummerki innan svæðisins verða mun meiri og á stærra svæði en nú er á leið inn í Landmannalaugar og þau munu hafa neikvæð áhrif á verndargildi landslags og jarðminja.</p>	<p>Framkvæmdaraðilar eru meðvitaðir um að heitar lindir eru ekki óþrjótandi auðlind og hafa haft það í huga. Í skýrslu Jarðminjar á háhitasvæðum Íslands, jarðfræði, landmótun og yfirborðsummerki jarðhita eftir Kristján Jónasson og Sigmundur Einarsson kemur fram að vatnsmiklu laugarnar sem er eitt af einkennum Landmannalauga er blanda djúpvatns og gufuhitaðs grunnvatns. Þetta er afrennslissvæði og er afrennslíð nokkuð þar sem það er meira en 1 l/s. Verkfræðistofan Lagnatækni reiknaði út hver vatnspörfin væri í Landmannalaugum og komst að þeirri niðurstöðu að mesta samtímarennslí fyrir kalt neysluvatn þegar búið er að stækka aðstöðuna í Landmannalaugum er 1,5 l/s og fyrir heita neysluvatnið er þetta 1,3 l/s. Gerð verður sérstök vöktunaráætlun varðandi rennslí í samráði við Orkustofnun vegna uppbyggingar á svæðinu. Vegna nýtingar á heitu vatni verður það bundið í framkvæmdaleyfi að gert verður þrýstingspróf til að kanna frekar vinnslugetu svæðisins.</p> <p>Frá upphafi þessarar vinnu hefur verið stuðst við skýrslu Guðmundar Guðjóns o.fl. Landmannalaugar og Sólvangur þar sem lagt var mat á náttúrufarslegt gildi svæðisins sem náði einkum til jarðminja, landslags og gróðurfars. Fljótandi stígar verða lagðir er eins og hægt er þar sem núverandi stígur liggur í gegnum votlendið en annars er verið eftir fremsta megni forðast að leggja stíginn í votlendinu nema þar sem ekki er hægt annað svo við Laugina sjálfa. Í dag er mjór timburpallur lagður en í kringum hann er mikið rask.</p> <p>Ljóst er að ný mannvirki munu hafa neikvæð áhrif á ásýnd og landslag eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu en framkvæmdin er afturkræf að mestu og er henni ætlað að hlífa Laugasvæðinu sjálfu. Áhrif á jarðmyndanir eru talin vera óveruleg m.t.t. umfangs þar sem áhrifasvæðið er mjög lítið ef horft er til heildarumfang áreyranna sjálfra.</p>
--	--	--	---

		<p>Álag. Í umhverfismatsskýrslu er mikið fjallað um að létta álagi og endurheimta svæði við Landmannalaugar. Náttúrufræðistofnun getur ekki séð skynsemi í því að raska nýjum svæðum innan friðlandsins til að endurheimta svæði sem nú þegar hefur verið raskað. Þá eru ný þjónustusvæði ekki trygging fyrir því að álag á öðrum svæðum komi til með að minnka.</p> <p>Náttúrufræðistofnun er ekki sammála heildarniðurstöðu umhverfismats fyrir valkost B (tafla 8) um að ásynð og landslag verði nokkuð neikvæð og að áhrif á landnotkun og jarðmyndanir séu metin óveruleg eða engin. Þessir þættir verða fyrir verulega neikvæðum eða talsvert neikvæðum umhverfisáhrifum ef af framkvæmdum verður. Óvissa er enn um áhrif á gróður og vatnafar sem var ekki kannað. Hins vegar er ljóst að uppbygging t.d. við Sólvang, og nýir göngupallar í votlendinu framan við Laugahraun, munu hafa neikvæð áhrif á viðkvæman gróður.</p> <p>Náttúrufræðistofnun tekur undir það sjónarmið að bæta þarf aðstöðu við Landmannalaugar, en það er ekki sama hvernig það er gert innan friðlandsins. Stofnunin telur að valkostur A með uppbyggingu innan núverandi þjónustusvæðis sé vænlegasti kosturinn og muni lágmarka frekara rask á náttúruminum og landslagi innan friðlandsins.</p>	<p>Friðland að fjallabaki sem Landmannalaugar eru hluti af hafa verið á svo kölluðum rauðum lista Umhverfisstofnunar varðandi ástand úttektir friðlýstra svæða. Þar hefur m.a. komið fram að helstu áningarstaðir ferðamanna eru fáir og ágangur á þá mikill. Innviðir þeirra staða bera vart gestaþungann en Landmannalaugar eru fjölsóttasti ferðamannastaður á hálendi Íslands og þangað koma yfir 130.000 ferðamenn á hverju ári. Telja framkvæmdaraðilar að ný þjónustu eigi eftir að hlífa viðkvæmum svæðum og þeir innviðir sem verða byggðir upp geti tekið vel á móti þeim ferðamönnum sem koma á svæðið án þess að það hafi í för með sér álag á náttúruna.</p> <p>Sjá svör hér að framan.</p> <p>Um er að ræða algjöra afturkræfa framkvæmd sem ekki er talin áhrif á gróður á svæðinu og um er að ræða enduruppbyggingu á núverandi stíg þannig að ekki er verið að raska svæði sem þegar hefur verið raskað vegna stígs.</p>
--	--	--	---

6.	Veðurstofa Íslands 8. maí 2023	<p>Veðurstofan leggur áherslu á að huga þurfi vel að flóðahættu við uppbyggingu á nýjum svæðum við Landmannalaugar. Varhugavert getur reynst að notast við gróðurlínu í Námshrauni til að meta mögulega vatnshæð í flóðum og æskilega hæð varnargarða. Ástæður þess eru einkum tvær:</p> <ol style="list-style-type: none">1. Ekki er ljóst hver endurnýjunartími gróðurs er í hrauninu. Sé hann stuttur, t.d. 20 ár, má búast við að flóð með endurkomutíma sem er lengri en endurnýjunartími gróðurs en þó það algeng að ástæða sé til að huga að þeim vegna flóðahættu, geti verið mun stærri en gróðurlínan gefur til kynna.2. Flóð geta verið hærrí en gróðurlína því vatnað getur yfir gróður án þess að hann rofni, t.d. í leysingarflóðum að vori þar sem vatn lónar uppi ofan ísstíflna og krapaprenginga. <p>Gróðurlínan gefur því ekki góða mynd af flóðaháttum árinna. Niðurstöður í fyrri umsögnum, um að forsendur til að meta vatnavexti og tíðni þeirra séu takmarkaðar, eru því enn gildar. Kanna þarf nánar þegar kemur að hönnun varnargarða hvort að nýta megi rennslisgögn Landsvirkjunar úr Jökulgilskvísl til að meta stærð og endurkomutíma flóða.</p> <p>Veðurstofan áréttar líkt og í fyrri umsögnum að huga þurfi að rofmætti árinna við Námshraunið og varnargarða þegar unnið verður að hönnun þeirra. Einnig þarf að gæta þess að hugað sé að uppbyggingu aurkeilu Jökulgilskvíslarinnar við hönnun varnargarða. Viðbúið er að áin flæmist um allt það svæði sem hún hefur til umráða á aurkeilunni og byggi undir sig vegna mikils og stöðugs framburðar. Mögulegt er að</p>	<p>Eins og fram kemur í greinargerð er einnig horft til þess að brú yfir Jökulgilskvíslina á Fjallabaksleið nyrðri hefur staðið í tæp 60 ár og ekki hefur flætt yfir hana.</p> <p>Við endanlega útfærslu og hönnun varnargarða Jökulgilskvíslar við Námshraun verður tekið mið af rofmætti árinna og hæð og útfærsla varnargarðs verður unnin í samráði við Veðurstofuna. Tekið er undir með Veðurstofunni að kanna þarf nánar þegar kemur að hönnun varnargarða hvort að nýta megi rennslisgögn Landsvirkjunar úr Jökulgilskvísl til að meta stærð og endurkomutíma flóða. Við hönnun varnargarða verður þess einnig gætt að hugað sé að uppbyggingu aurkeilu Jökulgilskvíslarinnar við hönnun varnargarða.</p>
----	---	--	--



		uppbygging aurkeilunnar sé svo hröð að hún gæti haft áhrif á virkni varnagarðanna á líftíma mannvirkjanna.	
--	--	--	--